

## Konur frá Paragvæ hafa orðið Um höfunda tveggja smásagna

Paragvæ er eitt þeirra fjölmörgu landa veraldar sem sjaldan ber á góma á alþjóðavettvangi. Um fátækt landbúnaðarland í sunnanverðri Suður-Ameríku er að ræða. Það er umlukið Brasilíu, Argentínu og Bólívíu, og segja má að það hverfi í skugga atkvæðameiri nágrannalanda. Íbúarnir telja tæpar 8 milljónir og í landinu er þingræði þótt einræðisherrann og herforinginn Alfredo Stroessner, sem réði landinu frá 1954 til 1989, hafi fest í sessi fyrirkomulag sem byggist mjög á því að forsetinn ráði. Höfuðborgin Asunción er miðstöð efnahags-, menningar- og listalífs og opinber tungumál Paragvæ eru spænska og frumbyggjatungumálið gvaraní.<sup>1</sup>

Þegar sjónum er beint að bókmenntaarfleifð landsmanna trónir nafn Augustos Roa Bastos (1917–2005) yfir öðrum, enda þekktasti rithöfundur Paragvæa.<sup>2</sup> Stórvirki hans, sögulega skáldsagan *Yo, el Supremo*, (Ég, hinn mikli), sem út kom árið 1974, beinir sjónum að valdatíð einræðisherrans Josés Gaspar Rodriguez de Francia, eða Dr. Francía – eins og hann var alla jafna kallaður og ríkti á XIX öld (1814–1840). Milli línanna blasir hins vegar við að höfundur beinir sjónum að ofríki, ofbeldi og lýðræðishalla á valdatíð Stroessners. Ofsóknir hans gegn menntamönnum urðu til þess að Roa Bastos dvaldi í útlegð um árabíl, fyrst í Argentínu en síðar í Frakklandi þar sem hann kenndi m.a. indjámálið gvaraní við Toulouse-háskóla. Verk Roas Bastos hafa verið þýdd á fjölda tungumála og fært

1 Til frekari upplýsinga sjá m.a.: <https://www.britannica.com/topic/Guarani-language>. Sótt í maí 2024.

2 Til frekari upplýsinga sjá m.a.: <https://cvc.cervantes.es/actcult/roa/default.htm> og <https://www.britannica.com/biography/Augusto-Roa-Bastos>. Sótt í maí 2024.

honum bókmenntaverðlaun eins og Cervantes-verðlaunin í bókmenntum árið 1989 og Legion d'Honneur-verðlaunin árið 1997.

Í skugga Roas Bastos urðu aðrir rithöfundar lítt sýnilegir og á heimasíðu Menningarmálastofnunar Spánar, Cervantes-stofnunarinnar, segir: „Paragvæskar bókmenntir eru minnst þekktu bókmenntir Rómönsku Ameríku. Frægðarsól fjölmenns hóps rithöfunda og skálda, og verka þeirra, hefur fyrir margra hluta sakir ekki borist yfir landamærin og teygt sig til annarra landa. Stofnunin hefur því komið á laggirnar sérstakri deild sem safnar og dreifir upplýsingum um núlifandi rithöfunda og mikilvægustu bókmenntaverk samtímans.“<sup>3</sup> Og þótt meirihluti þeirra sem þar er getið séu karlar er framlagi kvenna til bókmenntasögu Paragvæ einnig gerð ágæt skil því af 110 höfundum er tæplega 40 konum gefið pláss.

Til að bæta um betur ákvað María del Carmen Pompa Quiroz, sem starfaði við Asunción-háskóla og fékk styrk til háskólanáms í Svíþjóð í byrjun aldarinnar, ásamt Evu Löfquist og Patricíu Duarte, að standa að útgáfu safnrits um smásagnaritun kvenna frá Paragvæ. Verkin sem hér hafa verið valin til þýðinga koma úr umræddu safni. Það ber yfirskriftina *Penélope sale de Itaca: Antología de cuentistas paraguayas* og kom út með styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Svíþjóðar árið 2005.

Fyrri sagan sem hér birtist í þýðingu Hólmfríðar Gardarsdóttur, prófessors í spænsku við Háskóla Íslands, ber yfirskriftina „Saga dóttur Francía“ (sp. „Romance de la niña Francia“) og er eftir kennarann, blaðamanninn, rit- og leikritahöfundinn Maríu Concepción Leyes (1891–1985).<sup>4</sup> Concepción var dóttir spænskra innflytjenda og ólst upp í dreifbýli Paragvæ. Sem ung kona dvaldi hún og starfaði í byggðum Gvaraní-indíána og fræðimenn hafa bent á að sú reynsla hafi haft mótandi áhrif á viðhorf hennar og gildismat. Concepción vakti fyrst athygli fyrir greinandi pistla sem hún birti í dagblöðum og tímaritum þar sem hún setti fram óvægna gagnrýni

3 Til frekari upplýsinga sjá: [http://www.cervantesvirtual.com/portales/literatura\\_paraguaya/](http://www.cervantesvirtual.com/portales/literatura_paraguaya/). Þar segir enn fremur: „Síðan veitir aðgang að umfangsmiklum skráum yfir verk paragvæskra höfunda, sem flokkuð eru eftir efni og „tegundum“, s.s. rannsóknnum, ritgerðum og tímaritum. [...] Safnið veitir einnig aðgang að myndum og myndböndum sem hverfast um sögu og menningu Paragvæ.“ Sótt í maí 2024.

4 Sagan birtist fyrst í bókinni Tunglskinsböðuð áin (sp. *Río lunado*, 1951). Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca*, ... 2005, bls. 41–48.

á stjórnfyrirkomulag landsins, óréttlætið sem jaðarhópar voru beittir og algeran ósýnileika kvenna. Síðasttalda efnið varð sífellt áleitnara í verkum hennar og Concepción flutti yfir 30 fyrirlestra um stöðu kvenna í samfélaginu á árunum frá 1935 til 1975. Sá síðasti, „Konan í sögu Rómönsku Ameríku“ vakti verðskuldaða athygli á verkum hennar og skrifum um gervalla álfuna.

Segja má að til viðbótar við pólitíska ádeilu hafi leiðarstefin í skrifum Concepción hverfst um skoðun á því hvað einkenndi álfuna og mótaði það að vera „amerískur“. Í vissum skilningi má túlka skrif hennar sem þjóðernisleg, en að sama skapi bera þau keim af því sem kallað hefur verið „indiginismo“ eða „nativismo“ – þ.e. að þau beina sjónum að ábyrgð nýlendufyrirkomulagsins á jaðarsetningu og útskúfun frumbyggja.

Fræðimaðurinn Osvaldo González Real bendir á að verk Concepción tilheyri því sem kalla megi upphafsár bókmenntasögu Paragvæ og að hún beini „sjónum að hefðinni, þeirri sem móti grunnstef þjóðarsálarinnar“.<sup>5</sup> Í mörgum verka sinna, segir hann, skírskoti hún til fyrri tíma – eins og í sögunni sem hér fylgir á eftir – og samtvinni gjarnan tilvitnanir í trúarheim frumbyggja og tungumál þeirra gvaraní, sem hún talaði og notaði til jafns við spænsku.

Seinni sagan sem hér birtist, einnig í þýðingu Hólmfríðar Gardarsdóttur, ber yfirskriftina „Hnykillinn“ (sp. El ovillo) og er eftir ljóðskáldið og rithöfundinn Renée Ferrer de Arréllaga (f. 1944).<sup>6</sup> Ferrer hefur verið áberandi í menningarlífi og fræðasamfélagi Paragvæ um áratuga skeið og eftir hana liggur mikill fjöldi ritverka í formi skáld- og smásagna, ljóða, ritgerða og pistla í blöðum og tímaritum.<sup>7</sup> Um langt árabíl gegndi hún að auki stöðu forstöðumanns málvísindastofnunar Paragvæ. Hún hefur notið velgengni sem rithöfundur og unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir verk sín.

Meginstef verka Ferrer snýr að stöðu kvenna í samfélagi þar

5 Sama rit, bls. 39.

6 Sagan birtist fyrst í bókinni Söfnuðurinn og aðrar sögur (sp. *La Secta y otros cuentos*). Sjá: [http://www.cervantesvirtual.com/obra-visor/la-seca-y-otros-cuentos/html/ff3f5fba-82b1-11df-acc7-002185ce6064\\_2.html](http://www.cervantesvirtual.com/obra-visor/la-seca-y-otros-cuentos/html/ff3f5fba-82b1-11df-acc7-002185ce6064_2.html)

7 Skáldsaga hennar Rembihnútar þagnarinnar (sp. *Los nudos del silencio*) frá 2003 hefur verið þýdd á ensku, frönsku og ítölsku.

sem hernaðarhyggja og gildismat feðraveldis ræður ríkjum. Í eldri verkum sviptir hún hulunni af afleiðingum átaka og stríða en í þeim síðari ber hún – beint og óbeint – fram spurningar sem ætlað er að afbyggja viðteknar hugmyndir um samfélagsgerð sem byggist á jaðarsetningu og þöggun kvenna. Ekki hvað síst áberandi í fjölradda verkum hennar er áhersla á kvenréttindi sem mannréttindi og gagnrýni hennar á samskipti kynjanna og þeirra ólíku þjóðfélags-  
hópa sem byggja Paragvæ.